



# SANDGERÐISBÆR

BÆJARSTJÓRI

TJARNARGÖTU 4 - 245 SANDGERÐI - KT. 460269-4829

SÍMI 423 7554, 423 7555 - FAX: 423 7809 - Farsími 892 7919

Netfang: sigurdur@sandgerdi.is

Alþingi  
Erindi nr. P 127/1585  
komudagur 3.4.2002

Nefndarsvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

Sandgerði, 02.04.2002.

**Málefni: Umsögn um frumvarp til hafnalaga.**

Fyrir hönd bæjarstjórnar vill undirritaður koma á framfæri efasemdum um frumvarp til hafnarlaga sem liggur fyrir Alþingi, flutt af samgönguráðherra. Með samþykki þess verður rekstrargrundvelli kippt undan Sandgerðishöfn og eru líkur á að fleiri hafnir á landsbyggðinni fari illa út úr þeim miklu breytingum sem eru fyrirhugaðar.

Því er nauðsynlegt að ítarleg rannsókn fari fram á afleiðingum frumvarpsins áður en til samþykktar komi.

Rétt er að benda á eftirfarandi sem þarf að hafa í huga.

1. **Skoða verður sérstaklega þær hafnir sem hafa staðið í miklum framkvæmdum og þar sem framkvæmdir standa yfir.**
2. **Möguleiki á aukningu á tekjum vegna aflagjalds getur snúist á verri veg þar sem aflagjaldið er stór hluti af tekjum einstakra hafna í dag en í samkeppni við hafnir sem búa við framlegð frá vörugjöldum gæti þjónustan færst til. Þær hafnir gætu haft aflagjaldið mun lægra en hafnir sem hafa tekjur sínar nær eingöngu af aflagjöldum.**

Skorað er á Alþingi og ríkisstjórn að afgreiða frumvarpið ekki á því þingi sem nú stendur en gefa sér tíma til að undirbúa mun betur nauðsynlegar breytingar á framtíðarrekstri og skipan hafnarmála í landi voru.

Virðingarfyllst, með bestu kveðju.

  
Sigurdur Valur Ásbjarnarson, bæjarstjóri.

